

Nd.

601. Frumvarp til laga

[201. mál]

um viðauka við lög nr. 15 8. marz 1948, um innflutning búfjár.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Veita má Sambandi íslenskra samvinnufélaga og Reykjavíkurbæ, öðrum aðila eða báðum, leyfi til þess að flytja inn nautgripi eða sæði úr nautum af hreinræktuðum holdakynjum og mjólkurkynjum til þess að kynbæta hinn innlenda nautgripastofn til kjötframleiðslu og mjólkurframleiðslu.

2. gr.

Leyfi til þess að flytja inn nautgripi eða sæði samkvæmt 1. gr. skal bundið þeim skilyrðum, að hlutaðeigandi aðili stofni og reki bú í eyju í nágrenni Reykjavíkur, þar sem við verði komið og framkvæmdar fullkomnar varúðar- og sóttvarnarráðstafanir í öllum greinum. Skal rekstri búsin og einangrun í öllu hagað á hliðstæðan hátt og svo sem fyrir er mælt í 4. gr. og 6.—10 gr. laganna.

3. gr.

Heimild þá, sem felst í lögum þessum, má landbúnaðarráðherra því aðeins nota, að Búnaðarfélag Íslands og Tilraunaráð búfjárræktar mæli með því og yfirdýralæknir samþykki innflutninginn. Búnaðarfélag Íslands og Tilraunaráð búfjárræktar skulu samþykkja val nautgripkynja þeirra, sem enn eru flutt eða sæði er flutt inn úr, svo og val hinna innlendu nautgripa, sem notaðir eru til kynblöndunarinnar.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og Tilraunaráðs búfjárræktar með samþykki yfirdýralæknis. Skal þar setja greinileg ákvæði um rekstur sóttvarnar- og kynblöndunarbúsins, svo og um hvenær og á hvern hátt má flytja þaðan sæði og búpening til frekari kynbóta annars staðar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Atvinnuáráðuneytið hefur sent landbúnaðarnefnd frumvarp þetta með til-mælum um, að hún flytti frumvarpið. Nefndin hefur fallið á að gera það, en nefndar-mennt áskilja sér rétt til þess að bera fram breytingartillögur við frumvarpið, svo og að fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma.

Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frumvarpinu:

Mikill áhugi er fyrir því að efna til kynblöndunar og kynbóta á íslenskum nautgripum, bæði með aukna og bættu mjólkur- og kjötframleiðslu fyrir augum. En sökum hættu þeirrar, er stafað getur af innflutningi erlends búfjár, þykir rétt að lög-festa hinar fyllstu varúðarráðstafanir.

Í lögum nr. 15 8. marz 1948, um innflutning búfjár, eru engin bein ákvæði um innflutning sæðis til tæknifrjóvgunar né hvernig með skuli fara, ef hann er leyfður.

Samband íslenskra samvinnufélaga hefur farið þess á leit við landbúnaðaráðuneytið að mega flytja inn sæði til þess að koma upp innlendu holdakyni nautpenings með tæknifrjóvun og kynblöndun. Þýðst Samband íslenskra samvinnufélaga til þess að kosta þá tilraun að öllu leyti. Einnig er vitað, að forráðamenn Reykjavíkurbæjar hafa áhuga á, að hliðstæð tilraun verði gerð með innflutning til þess að bæta kíakyn vort með mjólkurframleiðslu fyrir augum.

Landbúnaðarráðuneytið telur eigi fært að veita heimild til slíks innflutnings samkvæmt lögum nr. 15 8. marz 1948, um innflutning búfjár, nema sett séu frekari ákvæði þar um, svo sem gert er í frumvarpi þessu.